

Aðalfundur Ungmennafélags

Njarðvíkur 2020



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

STOFNAÐ 10. APRÍL 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

Haldinn miðvikudaginn 17.mars 2021

kl. 20:00 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík



Efnisyfirlit:

1.0 Aðalfundur 2020

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2020

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Samráðsfundur UMFÍ

2.3.7 Styrktarreglur UMFN

2.3.8 Þorablót

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Líksamræktar- og kraftlyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Júðódeild

3.6 Þríþrautardeil

4.0 Þakkarorð



5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2020

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2020
- 5.2 Knattspyrnudeild UMFN 2020
- 5.3 Körfuknattleiksdeild UMFN 2020
- 5.4 Kraftlyftingardeild UMFN 2020
- 5.5 Sunddeild UMFN 2020
- 5.6 Júðódeild UMFN 2020
- 5.7 Þríþrautadeild UMFN 2020

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2020

- 6.1 Knattspyrnudeild
- 6.2 Körfuknattleiksdeild
- 6.3 Kraftlyftingardeild
- 6.4 Sunddeild
- 6.5 Júðódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar



8.0 Reikningar félagsins 2020

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar
- 8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 17.mars 2021 í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík kl. 20:00

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2020

2. Heiðursviðurkenningar.

3. Ávarp gesta.

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

5. Önnur mál.

6. Fundarslit.



2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2020

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2020-2021

Ólafur Eyjólfsson, formaður

Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður

Ágústa Guðmarsdóttir, gjaldkeri

Anna Andrésdóttir, ritari

Jenný L. Lárusdóttir meðstjórnandi

Thor Hallgrímsson, varamaður

Þórdís B. Ingólfssdóttir, varamaður

Skoðendur reikninga:

Kristín Örlygsdóttir

Valþór Söring

Ingigerður Sæmundsdóttir til vara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins.

Í nefndinni áttu sæti; Þórdís Ingólfssdóttir og Ólöf Viðarsdóttir (knd), Jónína Margrét Hermannsdóttir, Friðrik E. Stefánsson og Þóra Snjólfssdóttir (kkd), Gulla Olsen (kraftld.), Sigurrós Antonsdóttir og Guðrún Ósk Lange (sundd.), Hrafnkell Þór og Vilbert Gústafsson (júdód.) og Jenný L. Lárusdóttir (aðalstjórn)

2.3. Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ



Þrjú mót voru á dagskrá sumarið 2020. Landsmót UMFÍ+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku síðar og Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Undirbúningur gekk vel og voru nefndir allra mótanna vel meðvitaðar um Covid-19. Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmótinu 50+ og Íþróttaveislunni. Þessum mót var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu. Þegar seinni bylgja Covid-19 skall á okkur, varð ljós að ekki væri hægt að halda Unglingalandsmótið með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar vildu og fór svo að fresta varð mótinu um eitt ár. Stefnt er að því að halda glæsileg mót á árinu 2021.

2.3.4. Sport- og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin hafa tekist mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttafræðings. (Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.)

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

52. sambandsþing UMFÍ verður haldið haustdögum árið 2021.

2.3.6. Samráðsfundur UMFÍ

Til stóð að halda 43. Sambandsráðsfund UMFÍ á Hótel Geysi í Haukadal í Bláskógabyggð dagana 23-25.okt. 2020. Fundurinn er haldinn annað hvert ár og er hann æðsta vald í málefnum ungmennafélagshreyfingarinnar á milli sambandsþinga. Samkomutakmarkanir og aðrar hömlur af völdum Covid-faraldursins ollu því hins vegar að halda þurfti fundinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti á Microsoft Teams 29.okt. 2020. Fundurinn var vel sóttur en um 60 fulltrúar sátu hann. Ólafur Eyjólfsson formaður sat fjarfundinn fyrir okkar hönd.



2.3.7 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti styrki á starfsárinu í samræmi við reglur UMFN. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

Voru neðangreindar reglur samþykktar á fundi þann 22. september 2009.

UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.

Styrkur til hvers einstaklings er kr. 25.000. fyrir hverja ferð á vegum landsliðs.

Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.

Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.9 Þorablót

Undirbúningur hófst á árinu 2020 að ellefta þorablótinu og var það auglýst með fyrirvara um tilslakanir v/Covid-19, en að lokum urðum við að beygja okkur fyrir veirunni og var blótið blásið af.

2.3.10 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 12 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar þriðjudagur hvers mánaðar kl. 17:15-19:00. Enginn fundur var með formönnum deilda, hjá sumum deildum var starf í lágmarki, en mikil net-samskipti voru við formenn deildanna. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.



3.0 Starfsemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Skýrsla stjórnar KND UMFN starfsárið 2020

Árið 2020 mun ótvírætt vera eitt eftirminnilegasta ár í sögu knattspyrnunnar á Íslandi. Starfsár knattspyrnudeildar UMFN hófst að venju í nóvember 2019 en þá var Mikael Nikulásson ráðinn sem aðalþjálfari meistaraflokks. Tímabilið fór af stað með venjubundnum hætti þar sem Njarðvíkur liðið tók þátt í Fótbolta.net mótinu. Lengjubikarinn fór af stað í lok febrúar en honum lauk nokkuð snemma þar sem farsótt geisaði yfir land og þjóð, og var allt íþróttastarf í landinu tímabundið fellt niður um miðjan mars. Íslandsmótið fór af stað um miðjan júní og var Rafholtsvöllurinn þétt setinn af fótboltaþyrstum áhorfendum. Grillaðir voru hamborgarar og boðið upp á veitingar á heimaleikjum. Um verslunarmannahelgina stöðvaðist fótboltinn öðru sinni og þurfti að fresta þremur leikjum. Mótið fór síðan aftur af stað 14. ágúst en án áhorfenda og að uppfylltum miklum sóttvarnarkröfum. Spilað var fram í október þegar mótið stöðvaðist í þriðja sinn. Reyndist það vera lokaflautið í mótinu en liðið átti enn eftir að spila tvo leiki. Lokaniðurstaða þetta árið var fjórða sæti og 40 stig, aðeins þremur stigum frá öðru sæti og enn tölfræðilegur möguleiki til staðar á að vinna okkur sæti í B-deild. Eftir tímabilið var ákveðið að leysa Mikael frá störfum sem þjálfari meistaraflokks en stjórn knattspyrnudeildarinnar þakkar honum fyrir sitt framlag á þessu fordæmalaus tímabili. Ákveðið var að ráða til starfa þá Bjarna Jóhannsson og Hólmar Örn Rúnarsson en þeir tóku við meistaraflokknum um miðjan nóvember. Hófst þá formlegur undirbúningur fyrir komandi tímabil sem mun vonandi verða eðlilegra en það sem við upplifðum á árinu 2020.

Starfsemi yngri flokka á líðandi starfsári var með ágætum. Knattspyrnudeild Njarðvíkur var með alla drengjaflokki starfandi en stúlknaflökarnir voru á líðandi tímabili frá 7. til 5. flokks en fyrir komandi starfsár hófust æfingar hjá 4. flokki kvenna. Gengið hefur vel að efla stúlknaflökka og er búin að vera tölverð aukning hjá stúlkunum milli ára. Einnig hefur verið stöðug aukning í drengjaflokkum. Iðkenndur í upphafi árs 2020 voru 245 en í lok árs 298. Þegar þessi skýrsla er rituð er fjöldi iðkenda samtals 334. Njarðvík skráði 11 lið til keppni í yngri flokkum fyrir Íslandsmótið 2020 en fyrir komandi starfsár hefur Njarðvík skráð 14 lið. Undir lok starfsársins hófust afreksæfingar hjá yngri flokka iðkendum en markmiðið með þessum æfingum er að iðkendur sem hafa sýnt framúrskarandi hugarfar, metnað og færni fái tækifæri að æfa saman í hóp.

Rekstur deildarinnar gekk með ágætum þrátt fyrir einstaklega erfitt rekstrarár. Knattspyrnudeildin var áfram með samning við Reykjanesbæ um rekstur íþróttasvæðisins að Afreksbraut 10. Á starfsárinu tók einnig til starfa íþróttastjóri en það er nýtt stöðugildi sem bærinn veitir félaginu fjármagn til að halda úti. Tekjuöflunin í ár var að öðru leyti hefðbundin og kom fyrst og fremst út frá ýmislegum fjáröflunum og styrktarsamningum. Ráðist var í ýmsar framkvæmdir á starfsárinu en vormánuðirnir voru nýttir í að hreinsa svæðið í kringum völlinn, farið var í framkvæmdir á klefa meistaraflokks, gamlir búningar voru hengdir upp í húsinu og allt málað. Undir lok árs var einnig farið í sögulegar framkvæmdir þegar heitt vatn var lagt inn í vallahúsið en frá árinu 2007 kom allt heitt vatn úr þremur heitavatnaskútum. Stjórn deildarinnar hefur lagt kapp á að hafa svæðið okkar í sem bestu ásigkomulagi. Í vetur var að lokum hafist handar að helluleggja og leggja nýjan gervigrasvöll vestanmegin við stúkuna.

Í maí mánuði lét Leifur Gunnlaugsson af störfum eftir tæplega þrjátíu ára starf fyrir félagið. Vill stjórn knattspyrnudeildarinnar nýta tækifærið og þakka Leifi fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar í Njarðvík og óskar honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir höndum.

Stjórn deildarinnar í lok starfsárs skipuðu þeir: Gylfi Þór Gylfason, formaður, Ágúst Aðalbjörnsson, Davíð Arthur Friðriksson, Haukur Aðalsteinsson og Hjalti Már Brynjarsson. Varamenn í stjórn voru



þeir Aron Hlynur Ásgeirsson, Árni Þór Ármannsson og Helgi Már Vilbergsson. Framkvæmdastjóri í lok starfsárs var Brynjar Freyr Garðarsson.

Stjórn deildarinnar vill að lokum þakka öllum þeim sem komu að rekstri deildarinnar, sjálfbóðaliðum, styrktar- og samstarfsaðilum og öðrum þeim sem lögðu fram krafta sína við að halda rekstri deildarinnar gangandi.

f.h. stjórnar KND UMFN

Gylfi Þór Gylfason formaður.

3.2. Körfuknattleiksdeild

Skýrsla stjórnar KKD UMFN starfsárið 2020-2021

Kristín Örlygsdóttir var endurkjörin formaður KKD UMFN þann 11. mars á aukaaðalfundi deildarinnar. Ný stjórn deildarinnar var kosin fyrir starfstímabilið 2020-2021 en nýja stjórn skipuðu eftirtaldir: Kristín Örlygsdóttir formaður, Brenton Birmingham, Vala Rún Vilhjálmssdóttir, Agnar Mar Gunnarsson, Emma Hanna Einarsdóttir, Guðrún Hildur Jóhannsdóttir og Sigrún Ragnarsdóttir. Í varastjórn voru kosin Ásgeir Snær Guðbjarnsson, Geirný Geirsdóttir og Hafsteinn Sveinsson.

Aðeins degi eftir aðalfund deildarinnar eða þann 12. mars lék Njarðvík sinn síðasta mótssleik á tímabilinu 2019-2020 þegar liðið hafði sigur á Fjölni í Domino's-deild karla. Mótið var blásið af sökum heimsfaraldurs COVID-19. Kvennalið Njarðvíkur lék sinn síðasta leik 7. mars en það var einnig gegn Fjölni.

Mario Matasovic gerði nýjan tveggja ára samning við Njarðvík þann 9. apríl 2020 og því ljóst að hann leikur í Ljónagryfjunni einnig á næstu leiktíð (2021-2022).

Rúnar Ingi Erlingsson tók við kvennaliði Njarðvíkur í maímánuði 2020 og var Lárus Ingi Magnússon ráðinn honum til aðstoðar.

Kristinn Pálsson ákvað að framlengja ekki samningi sínum við Njarðvík og gekk í raðir Grindavíkur. Njarðvík samdi við Friðrik Inga Rúnarsson í maímánuði en hann var ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla.

Í kringum þjóðhátíðardaginn 17. júní hélt KKD UMFN magnaða þjóðhátíðardagskrá með fullorðins- og barnabingó sem og hátíðarkaffihlaðborði í Njarðvíkurskóla. Einkar góð mæting var á viðburðina og ljóst að bingó er komið til að vera sem liður í félagslífi Njarðvíkinga.

Róbert Sean Birmingham gerði samning við Baskonia á Spáni í ágúst mánuði. Í lok tímabilsins 2019-2020 afrekaði hann það m.a. að skora sín fyrstu stig í úrvalsdeild karla. Róbert sem er á menntaskólaaldri er einn af mörgum Njarðvíkingum sem hefur síðustu misseri viðhafst erlendis en nýverið voru þeir úti en eru komnir heim þeir Adam Eiður Ásgeirsson og Gabríel Sindri Möller sem voru í námi í Bandaríkjunum. Snjólfur Marel Stefánsson er enn ytra við nám og körfuknattleik og þá er Elvar Már Friðriksson á flegiferð í efstudeildinni í Litháen.

Friðrik Pétur Ragnarsson og Sverrir Þór Sverirsson voru í ágúst mánuði 2020 ráðnir til þjálfunar hjá elstu yngri flokkum UMFN.

Þrátt fyrir krefjandi árferði vegna COVID-19 tókst stjórn KKD UMFN að framlengja og eða endurnýja fjölda samninga við samstarfsaðila og er það mikið fagnaðarefni að fólk og fyrirtæki sjái sér fært um að halda úti öflugum starfi með deildinni þrátt fyrir aðstæður.



Ævar Örn Jónsson lést í septembermánuði 2020. Ævar hóf að æfa körfubolta, fótbolta og sund með félaginu ungar að árum. Körfuknattleikur naut krafta hans lengi vel og spilaði hann með drengjalandsliði. Sundið átti hinsvegar stærri hlut í honum þegar líða tók á og var Ævar orðinn einn af fremstu sundmönnum landsins þegar best lét. Blessuð sé minning Ævars.

Karlalið Njarðvíkur tók þátt í Icelandic Glacial mótinu í Þorlákshöfn þar sem heimamenn í þór höfðu sigur í mótinu.

Í september fór árlegur blaðamannafundur KKÍ fram vegna undirbúnings fyrir Domino's-deild karla. Við fundinn var Njarðvík spáð 7. sæti í deildarkeppninni. Skömmu síðar fór fyrsti leikur fram þar sem grænir höfðu sigur á KR í fyrstu umferð en síðan kom þar strax í kjölfarið hlé fram yfir nýja árið vegna heimsfaraldurs COVID-19. Í þessu hléi var ákveðið að losa Zvonko Buljan og Ryan Montgomery undan samningi. Í þeirra stað samdi Njarðvík við Antonio Hester og Kyle Johnson.

Í janúarmánuði var tilkynnt um að Nettómótið 2021 myndi ekki fara fram sökum heimsfaraldurs COVID-19.

Einn af liðum KKD UMFN í fjáröflun á þorranum var að selja í samstarfi við Réttinn þorrabakka fyrir stuðningsmenn Njarðvíkur. Gekk salan vel og framtakið þakkarvert hjá Réttinum en ljóst er að við niðurfellingu Þorrabláts UMFN 2021 verður deildin af umtalsverðum fjármunum.

Í febrúarmánuði gerðu þau Jón Arnór Sverrisson og Kamilla Sól Viktorsdóttir bæði nýjan tveggja ára samning við KKD UMFN.

Þann 7. febrúar lést Lára María Ingimundardóttir eftir baráttu sína við krabbamein. Lára var einn allra fremsti stuðningsmaður Njarðvíkur og starfaði um áratugaskeið við heimaleiki liðanna. Til heiðurs minningu Láru kom KKD UMFN upp minningarskildi inni í Njarðtaksgryfjunni. Meistaraflokkar Njarðvíkur stóðu einnig heiðursvörð við útför Láru. Minningin um einstakan félagsmann og vin mun lifa um ókomna tíð!

Þegar aðalfundur fer fram er karlalið Njarðvíkur í 6. sæti Domino's-deildar karla að loknum 11 umferðum en kvinnaliðið er í toppbaráttu í 1. deildinni. Að kvöldi 2. mars mættust toppliðin Njarðvík og ÍR í Njarðtaksgryfjunni þar sem...

f.h. Stjórnar KKD UMFN
Kristín Örlygsdóttir formaður

Skýrsla stjórnar unglíngaráðs KKD UMFN starfsárið 2020-2021

Í unglíngaráði eru sjálfboðaliðar úr hópi foreldra iðkenda í barna- og unglíngastarfi körfunnar í Njarðvík. Í upphafi árs 2020 voru í unglíngaráði Guðný Karlsdóttir, formaður, Guðbjörg Björnsdóttir, gjaldkeri en aðrir í unglíngaráði skipta mér sér verkum eftir aðstæðum og eru það, Katrín Jóna, Einar Þór, Freyr, Hrefna Björk, Guðmundur Helgi, Hjörvar Örn, Sólveig Silfá og Guðmundur Páll en Sólveig og Guðmundur Páll hættu í unglíngaráði í ágúst og inn komu Magnea Waltersdóttir, Sigurbjörn Grétarsson og Erla Ósk Jónsdóttir.

Starfsemi Unglíngaráðs var frekar óhefðbundin tímabilið 2019-2020 og tímabilið 2020-2021 eins og svo margt annað vegna Covid-19 heimsfaraldursins og vegna frestunar á aðalfundi á árinu 2020 þá



mun þessi skýrsla spanna að einhverju leiti tvö tímabil. Tímabilið 2019-2020 byrjaði vel og unglingaráð vann á fullum krafti í samvinnu með unglingaráði körfunnar í Keflavík að undirbúa 30 ára afmælistótt Nettomótsins sem hefði orðið glæsilegasta Nettomót hingað til en daginn fyrir mót var neyðarstigi Almannaávarna lýst yfir vegna heimsfaraldursins og mótinu var aflýst á síðustu stundu. Að vísu var haldið fámenn mót með nokkrum liðum heimamanna og þeim liðum sem voru komin á staðinn eins og Fjarðarbyggð, Vestra og Sindra. Unglingaráð mætti mikilli velvild stuðningsaðila mótsins við þessa erfiðu ákvörðun en Nettomótið er ein stærsta fjáröflun unglingaráðs.

Um miðjan mars var svo öllu íþróttastarfi aflýst og æfingar féllu niður vegna samkomubanns og fjöldatakmarkanna. Yfirþjálfari og nokkrir þjálfarar voru duglegir að senda heimaæfingar til iðkenda í gegnum Sideline og Instagram sem mæltist vel fyrir. Í byrjun maí hófust svo æfingar aftur með ákveðnum takmörkunum en allt keppnishald var felld niður. Var því tekin sú ákvörðun að fella niður lokahóf unglingaráðs sem og afhendingu á Elvars- og Áslaugarbikurunum enda höfðu engir leikir verið frá því í byrjun mars en æfingar hófust í byrjun maí með miklum takmörkunum vegna sóttvarna. Vegna heimsfaraldursins voru einnig öll landsliðsverkefni yngri iðkenda felld niður.

Sumaræfingar eru löngu orðnar fastur liður í starfinu, með aðstoð bæjaryfirvalda með æfingar fyrir afrekshóp félagsins sem og æfingar fyrir aðra iðkendur. Logi Gunnarsson, yfirþjálfari hefur umsjón með afreksæfingunum en Elvar Már Friðriksson og Adam Eiður Ásgeirsson ásamt iðkendum úr afrekshópi sáu um sumarnámskeið unglingaráðs sem voru keyrð í allt sumar og mæltist það vel fyrir þar sem iðkendur höfðu misst úr mikið af æfingum í upphafi árs. Þetta var í fyrsta skipti sem skipulagðar æfingar voru alla sumarmánuðina og var mikil ánægja var með sumaræfingar barna og unglingaráðs, bæði hjá iðkendum sem og forráðamönnum.

Hefðbundnar æfingar hófust svo í lok ágúst en í lok október varð aftur að fella æfingar niður vegna Covid 19 í tæpan mánuð hjá iðkendum frá 5-15 ára en hjá iðkendum eldri en grunnskólaaldur var æfingabann í rúma tvo mánuði vegna samkomubanns. Öllu keppnishaldi var frestað en það hófst svo aftur núna í janúar 2021. Þegar þetta er ritað eru þó ennþá áhorfendur bannaðir á leikjum, bæði hjá yngri iðkendum sem og meistaraflokki og viðamiklar sóttvarnarreglur gilda á leikjum.

Unglingaráð sér um pantanir á keppnisbúningum fyrir iðkendur en þess má geta að keppnisbúningur er innifalinn í æfingargjöldum þegar iðkandi er skráður í fyrsta sinn. Þá er unglingaráð með ýmsan merktan varning til sölu sem fjáröflun og hefur síðustu ár verið að bæta við varningi til sölu sem fjáröflun fyrir deildina og var á árinu sett í loftið sölusíða sem auðveldar stuðningsmönnum að versla merktar vörur og styrkja þannig barna- og unglिंगastarf körfunnar.

Helstu fjáröflunarverkefni unglingaráðs voru felld niður á árinu eins og t.d. sjoppusala á leikjum meistaraflokkanna, sjoppusala á 17. júní sem og skipulag á hátíðarsvæði á Ljósanótt en það eru verkefni sem unglingaráð hefur unnið í samvinnu við unglingaráð körfunnar í Keflavík undir nafni hagsmunafélaginu KarfaN. Ljóst er því að fjárhagslegt tap unglingaráðs er mikið en reynt hefur verið að sækja þá styrki sem hafa verið í boði og er sú vinna ennþá í gangi.

Logi Gunnarsson er yfirþjálfari hjá unglingaráði en hann tók við því starfi árið 2014 og heldur vel utan um góðan hóp þjálfara. Þjálfarar yngri iðkenda frá haustinu 2020 eru: Agnar Mar Gunnarsson, Birgir Örn Hjörvarsson, Bylgja Sverrisdóttir, Baldur Örn Jóhannesson, Veigar Páll Alexandersson, Jón Arnór Sverrisson, Einar Árni Jóhannsson, Adam Eiður Ásgeirsson, Mario Matasovic, Eygló Alexandersdóttir, Hermann Ingi Harðarson, Lárus Magnússon, Friðrik Pétur Ragnarsson ásamt fjölda aðstoðarþjálfara. Iðkendafjöldi hefur síðustu ár verið um 250 iðkendur í lok hvers tímabils og í lok tímabils 2019-2020 voru 258 iðkendur skráðir, 126 stúlkur og 132 drengir.

F.h. Unglingaráðs Kkd. UMFN
Guðný Karlsdóttir formaður



3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild UMFN

Skýrsla stjórnar Massa starfsárið 2020

Árið 2020 var mjög sérstakt hjá Massa – Lyftingardeild UMFN eins og hjá svo mörgum öðrum. Það stóð til að halda vestur-evrópumeistaramóti í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í Njarðvík í september á þessu ári en sökum aðstæðna, þurfti því miður að aflýsa því. Þrátt fyrir fyrir samkomubönn og lokanir á lyftingarsölum þá náðist þó að halda nokkur mót í byrjun árs og svo í „glugganum“ í sumar.

Massi átti 4 keppendur í landsliði Íslands á Reykjavík International Games í janúar 2020. Katla Björk Ketilssdóttir keppti í Ólympískum lyftingum í feyki sterkum -64kg flokki kvenna. Hún endaði í 3.sæti á mótinu með því að lyfta 78kg í snörun og 91kg í jafnhendingu. Í klassískum kraftlyftingum kepptu þær Íris Rut Jónsdóttir og Hildur Hörn Orradóttir í -63kg flokki kvenna. Íris Rut endaði í 2.sæti er hún lyfti 127,5kg í hnébeygju, 75kg í bekkbressu og 135kg í réttstöðu. Hildur Hörn endaði í 3.sæti er hún lyfti 130kg í hnébeygju, 55kg í bekkpressu og 140kg í réttstöðu. Sindri Freyr Arnarsson keppti einnig í klassískum kraftlyftingum og sigraði hann -74kg flokki karla er hann lyfti 192,5kg í hnébeygju, 140kg í bekkpressu og 220kg í réttstöðu.

Æfingamót Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í Massa í febrúar. 17 keppendur luku keppni, 12 konur og 5 karlar. Þar af voru þrjár konur frá Massa. Keppendur voru á öllum aldri, mörg hver að taka sínar fyrstu lyftur á keppnisfalli. Þau voru vel undirbúningur og vel studd af sínum félögum.

Íslandsmeistaramót í Ólympískum lyftingum fór fram í Mosfellsbæ í febrúar.

Fulltrúar frá Massa á mótinu voru þau Íris Rut Jónsdóttir og Emil Ragnar Ægisson., Íris Rut sigraði -59kg flokk kvenna er hún lyfti 60kg í snörun og 88kg í jafnhendingu. Emil Ragnar sigraði -81kg flokk karla er hann lyfti 115kg í snörun og 150kg í jafnhendingu.

Íslandsmeistaramót í réttstöðu fór fram í Kópavogi í júní og átti Massi 6 keppendur á mótinu. Jón Grétar Erlingsson hafnaði í 2.sæti í -74kg flokki karla er hann lyfti 180kg. Sindri Freyr Arnarsson sigraði -83kg flokk karla er hann lyfti 240kg. Eggert Gunnarsson lyfti 225kg og hafnaði í 8.sæti í -105kg flokki karla. Sigurrós Ösp Rögnvaldsdóttir var í 2.sæti í -63kg flokki kvenna með 105kg. Íris Rut Jónsdóttir endaði í 2.sæti í -72kg flokki kvenna er hún lyfti 150kg. Elsa Pálsdóttir endaði í 4.sæti í -84kg flokki kvenna en sló hinsvegar Íslandsmet í þrígang. Fyrst lyfti hún 135kg, svo 150kg og loks 155kg.

Sumarmót Lyftingasambands Íslands fór fram í Kópavogi í júlí. Íris Rut Jónsdóttir og Katla Björk Ketilssdóttir frá Massa kepptu báðar í mjög sterkum -64 flokki kvenna. Íris endaði í 5.sæti með 67kg í snörun og 93kg í jafnhendingu. Katla Björk endaði í 4.sæti með 75kg í snörun og 88kg í jafnhendingu en hún varð einnig Íslandsmeistari í unglingsflokki.

Í stað þess að halda vestur-evrópumeistaramót í september, þá tók Massi að sér að halda Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum. Mótinu fylgdi strangur undirbúningur hvað varðar sóttvarnir og öryggi keppanda. Massafólk sá um umgjörð mótsins með aðstoð frá KRAFT og öðrum félögum. Að öllum- öðrum ólöstuðum þá vill stjórn þakka sérstaklega Ægi Emilssyni, sem sinnti starfi sóttvarnarfulltrúa á mótinu.



46 keppendur mættu til leiks og var lyft frá morgni til kvölds. Íris Rut Jónsdóttir setti Íslandsmet í -63kg opnum flokki kvenna er hún lyfti 141kg í hnébeygju. Íris endaði í 2.sæti með 366kg í samanlögðu (141/80/145). Þóra Kristín Hjaltadóttir og Hulda Ósk Blöndal kepptu báðar í -84kg opnum flokki kvenna. Þóra endaði í 2.sæti í flokknum með 320kg í samanlögðu (120/65/135). Hulda endaði í 3.sæti með 247,5kg í samanlögðu (90/55/102,5). Elsa Pálsdóttir var í metaham og setti hvorki minna en 18 Íslandsmet á mótinu og varð hún Íslandsmeistari í -84kg öldungaflokki M3 kvenna (60-69 ára). Allar gildar lyftur hjá Elsu voru Íslandsmet. Hún endaði með þrenna 125kg í hnébeygju, 60kg í bekkpressu og 145kg í réttstöðu, sem gerir 330kg í samanlögðu.

Sindri Freyr Arnarsson og Jón Grétar Erlingsson kepptu báðir í -83kg opnum flokki karla. Sindri Freyr endaði í 2.sæti með 577,5kg í samanlögðu (200/147,5/230). Jón Grétar var í 3.sæti með 505kg í samanlögðu (165/130/210). Jens Elís Kristinsson varð Íslandsmeistari í -105kg öldungaflokki M3 karla (60-69 ára). Hann lyfti 455kg í samanlögðu (157,5/107,5/190)

Haustmót Lyftingarsambands Íslands fór fram á Selfossi í lok september. Íris Rut Jónsdóttir frá Massa keppti í -64kg flokki kvenna og endaði hún í 2.sæti er hún lyfti 70kg í snörun og 94kg í jafnhendingu.

Ekki urðu þau fleirri lyftingarmótin þetta árið. Í byrjun október tóku hertar samkomutakmarkanir í gildi og voru því engar æfingar leyfilegar í Massa fyrr en 10. desember. Okkar fólk reyndi eftir bestu getu að halda sér við og fengu eflaust bílskúrar og geymslur nokkrar góða tiltekt svo hægt væri að koma fyrir stöng, lóðum og bekk. Frá og með 10. desember voru skipulagðar æfingar í Massa þar sem 4 máttu koma saman ásamt þjálfara. Það var mikil gleði hjá okkar fólk að komast aftur undir eleiko stálið og gamli góði „andinn í Massa“ endurheimtur. Að lokum viljum við þakka félagsmönnum Massa fyrir þolinmæðina á árinu. Við óskum keppendum okkar til hamingju með árangurinn á þessu stutta og sérkennilega keppnisári, megi það næsta verða betra.

Stjórn Massa – Lyftingar og líkamsræktardeildar UMFN 2020

Ellert Björn Ómarsson - *formaður*

Hildur Hörn Orradóttir - *gjaldkeri*

Hannes Hólm Elíasson - *ritari*

Emil Ragnar Ægisson - *meðstjórnandi*

Hákon Stefánsson - *meðstjórnandi*

F.h. Massa

Ellert Björn Ómarsson formaður

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2020

Árið 2020 byrjaði vel hjá okkur. Okkar sundstelpa Karen Mist Arngeirsdóttir var valin íþróttakona UMFN 2019 og einnig kjörin Íþróttakona Reykjanesbæjar 2019. Greint var frá kjörinu í árlegu hófi í Íþróttahúsi Njarðvíkur á gamlársdag. Karen stóð sig frábærlega í sundlauginni á árinu 2019 og setti fjölda meta á mótum síðasta árs. Um leið og við óskum henni aftur til hamingju þá langar okkur að segja að við erum afar stolt af henni.

Lyngby 2020, 13 sundmenn hjá Sundráði ÍRB ásamt þjálfara og fararstjóra fóru og kepptu þar á Lyngby Open 2020 dagana 17. - 20. janúar. Gaman var að sjá hvað hópurinn sem náði lágmarkum fyrir mótið er orðinn stór sem sýnir að við erum á réttri leið. Okkar fólk stóð sig vel á mótinu og krækti í nokkur verðlaun. Strákahópurinn náði merkilegum árangri en þeir bættu sig í öllum sundum.



Þeir sundmenn sem unnu til verðlauna. Gunnhildur Björg Baldursdóttir: Gull í 200m flugsund og silfur í 400m fjórsundi í senior flokki. Karen Mist Arngeirsdóttir með silfur í 200m og 100m bringu í senior flokki. Aron Fannar Kristínarson með brons í 400m fjórsundi í junior flokki.

Helgina 24. - 26. janúar voru Reykjavíkurlaikarnir í sundi. Okkar fólk keppti á mótinu og var að standa sig vel. Bætingar, úrslit, verðlaun, lágmörk og flottir tímar.

Karen og Gunnhildur sundkonur hjá UMFN var boðið með landsliðshóp SSÍ til æfinga á Tenerife í febrúar 2020. Þar stóð til að æfa tvisvar á dag við bestu aðstæður og dæla smá d-vítamíni í kroppinn. En því miður varð svo ekki, margt sem gerðist því að rétt á eftir kom ástandið eins og við þekkjum það í dag Covid-19. Í fyrstu bylgjunni þá náði sundfólkið okkar að æfa eins og þau gátu þó svo að sundlaugin væri lokuð. Við stöndum vel að hafa góða þjálfara í teyminu okkar. Þó svo að það væri lokað á æfingar voru þau dugleg að senda æfingar til krakkana. Þegar það opnaði fyrir æfingar aftur þá var okkar fólk tilbúið í slaginn. Við náðum að halda Landsbankamót en með auðvitað mun minna sniði en undanfarin ár. Mótið var haldið um miðjan júní og fyrir 14 ára og eldri. Stóðu krakkarnir sig með þryði. En aftur á móti fóru krakkarnir 13 ára yngri á Akranesleikana í byrjun júní. Erum við afar ánægð að það tókst að halda sundmót fyrir krakkana. Ekki síst var sundfólkið okkar sjálft mjög fegið að geta mætt á mót og stóðu þau sig vel í lauginni og voru ágætis bætingar í öllum greinum þrátt fyrir 5-6 vikna æfingarbann.

Amí var haldið í Hafnarfirði í júlí og lentum við í öðru sæti. Lokastaða félaga var SH 1008, ÍRB 811, Breiðablik 570.

Denas Kazulis fór á kostum og náði sér í 5 íslandsmeistaratitla. 100m,200m,400m og 800m skriðsund og einnig í 200m fjórsundi og hann var einnig valin stigahæsti sveinninn á mótinu.

Sund-systkinin Fannar og Ástrós Hauksbörn stóðu sig mjög vel og náðu sér einnig í íslandsmeistaratitla. Ástrós Lovísa 200m bak, 100M bak og Fannar Snævar 100m flug, 200m flug, 100m bak. Glæsilegur árangur hjá þeim og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Meyjasveit ÍRB vann einnig til verðlauna í 4 x 50m fjórsund. Sveitina skipuðu: Ástrós Lovísa Hauksdóttir, Gabija Marija Savickaité, Elísabet Arnoddsdóttir og Freydís Lilja Bergþórsdóttir.

ÍM50 var haldið af Sundsambands Íslands í miðjan júlí en með miklu minna sniði en áður vegna samkomutakmarkana. En það vantaði ekki að sundfólkið okkar stóð sig samt sem áður vel. Karen Mist Arngeirsdóttir náði sér í þrjá íslandsmeistaratitla. 50m,100m og 200m bringu. Gunnhildur Björg Baldursdóttir varð íslandsmeistari í 200m flug.

Stelpurnar okkar Karen Mist og Gunnhildur Björg héldu á vit ævintýranna til Bandaríkjana til að stunda Háskólanám á skólasyrk. Karen Mist í Fort Myers, Florida og Gunnhildur Björg til Youngstown State University, Ohio. Óskum við þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Eyðis Ósk er á sínu örðu ári í Kaliforníu.

Í enda árs 2020 var haldið innanfélagsmót fyrir krakkana. Þetta var aðallega bara til að yfirþjálfari gæti séð stöðuna á okkar krökkum og fór það mót fram á milli jóla og nýárs í Vatnaveröld.

Fyrir hönd stjórnar.

Sigurrós Antonsdóttir formaður



3.5. Júðódeild

Skýrsla stjórnar júðódeildar UMFN starfsárið 2020

Ný stjórn var kjörin í mars 2020. Formaður Eydís Mary Jónsdóttir, varaformaður Reynir Friðriksson, gjaldkeri Ingibjörg Guðmunda Sveinsdóttir og ritari Hrafnkell Þór Þórisson. Aðrir í stjórn voru Vilbert Gústafsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Benedikt Þorgeirsson.

Helstu markmið sem stjórnin setti sér í byrjun árs voru að fjárfesta í æfingartækjum, fá ný gólfefni, auka skráningar, vinna að auknu samstarfi milli júðódeilda á Suðurnesjum, styðja betur undir þátttöku stúlkna og barna af erlendum uppruna í íþróttinni, auk hefðbundinna stjórnarstarfa. Helstu verkefni stjórnarinnar á árinu 2020 voru að bregðast við vegna samkomutakmarkana til að hægt væri að halda úti sem mestu starfi, samskipti við JSÍ auk hefðbundina stjórnarstarfa. Vegna Covid var lítið um ferðir

Á meðan samkomubann leyfði ekki æfingar var reynt að vera með æfingar á zoom, æfingar og áskoranir settar inn á facebook síðu deildarinnar til að halda iðkendum við efnið.

Tilrauna verkefni með að bjóða upp á æfingar á pólsku hefur gefist vel og eru iðkendur og foreldrar ánægðir með fyrirkomulagið. Rúmur helmingur skráðra iðkenda JDN er af erlendum uppruna auk þess sem kynjahlutfall iðkenda er mjög jafnt, sem er einkar ánægjulegt.

Mjög vel hefur gengið að fá iðkendur til að skrá sig sem sést best í því að innkoma deildarinnar hefur batnað til muna og í fyrsta skipti í sögu deildarinnar er nú kominn traustur fjárhagslegur grunnur til þess að greiða öllum þjálfurum samkeppnishæfari laun. Vinna þarf betur í því að fá fullorðna iðkendur til að skrá sig.

Mikið og gott samstarf hefur verið á árinu við Júðódeild Þróttar í Vogum og haldin hafa verið sameiginlegir félagslegir viðburðir til að auka tengsl milli iðkenda deildanna auk þess sem deildirnar hafa staðið saman að því að halda mót.

Guðmundur Stefán Gunnarsson er yfirþjálfari deildarinnar og sér um þjálfun meistaraflokks og drengjaflokka, Heiðrún Fjóra Pálsdóttir þjálfar stúlkna hópa deildarinnar, Birkir Freyr Guðbjartsson þjálfar drengjaflokk, Aleksandra Koltunowska sér um æfingar á pólsku og Jóel Helgi Reynisson þjálfar yngsta flokk.

Í nóvember samþykkti Reykjanesbær að kaupa langþráðan keppnisvöll fyrir Júðódeildina og setja parket á gólf deildarinnar. Má segja að um kærkomna afmælisgjöf hafi verið að ræða enda fagnaði deildin 10 ára afmæli á árinu. Afar mikilvægt er fyrir deildina að hafa trygging aðgang að löglegum keppnisvelli þannig að hægt sé að halda stærri mót, en hingað til hefur þurft að leiga löglega keppnisvelli fyrir mót. Stjórn og iðkendur JDN þakka Reykjanesbæ kærlega gjöfina.

Mikill tími stjórnarinnar fór í ýmis samskipti við JSÍ, m.a. vegna kæru JDN til aganefndar vegna breytinga á mótaskráningum og fleiri atriðum. Kærinni var vísað frá en aganefnd tók undir rök JDN og vísaði þeim tilmælum til JSÍ að móta skriflegar og samþykktar verklagsreglur varðandi skráningarkerfi, skráningu móta og upplýsingagjöf um skráningu móta. Einnig að JSÍ móti og samþykki síðareglur.

Stjórn JDN vill þakka stjórn UMFN og framkvæmdastjóra UMFN Jennýju Lárusdóttur fyrir samstarfið á árinu.

f.h. stjórnar júðódeildar UMFN
Eydís Mary Jónsdóttir formaður.



3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla stjórnar þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2020

Mikil gróska hefur verið hjá 3N síðastliðið ár þrátt fyrir COVID ástandið. Mikill fjöldi iðkenda æfði með 3N í ár. Mæting á æfingar deildarinnar var afar góð meðan samkomutakmarkanir komu ekki í veg fyrir æfingar. Einnig var fólk duglegt að æfa sjálft á meðan samkomubann lá yfir öllu. Margir eru í hlaupahóp, sundhóp eða hjólahóp innan 3N og margir aðilar æfa með öllum hópunum þremur.

Árið hófst að venju á æfingabúðum í Reykjanesbæ, fyrstu helgina í janúar, sem tókst ótrúlega vel og allir aðilar alsælir með helgina, sem hófst á föstudagskvöldi með sundi, á laugardegnum var hlaupið, hlustað á fyrirlestur hjá Klemenz um hlaup og næringu. Ása Guðný ræddi um æfingaprógrammið okkar og æfingaálag og svo tekin brick-æfing, þar sem var hjólað og hlaupið til skiptis. Um kvöldið borðaði hópurinn svo saman. Á sunnudeginum voru tekin létt sprettþraut, þar sem var synt og hjólað inni og síðan farið út á Vetrarbraut og hlaupið. Að lokum kom Una Sig. og var með yogateygjur í 3N salnum.

Í mars hélt 11 manna hópur frá 3N til Kanarý í viku æfingarferð með Ívari Trausta sem var algjörlega frábær. Aðal áherslan var á að hlaupa og hjóla en einhverjir fóru líka í sjósund eða syntu í hótellauginni og svo var auðvitað líka slakað á í sólinni. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og var algjör snilld eftir veturinn og frábær undirbúningur fyrir sumarið. Hópurinn var rétt kominn heim þegar öllu var skellt í lás vegna COVID.

Deildin hélt að þessu sinni ekki sínar árlegu keppnir; hjólamótið í byrjun maí og sprettþraut af augljósum ástæðum. Deildin tók þátt í að skipuleggja og halda utanvegahlaup í samstarfi við Ívar Trausta Jósafatson. Þetta var mjög áhugaverð tilraun til að búa til stóran hlaupaviðburð þar sem hlaupið er um náttúruperlur á Reykjanesi. Boðið var uppá 100 mílna hlaup, 100 km hlaup, 50 km, 30km og 10. Gaman frá því að segja að einn keppandi hljóp 100 mílur á 26 klst og 37 mínutum. Það var í fyrsta sinn sem það er gert í keppni á Íslandi. Hlaupið var kallað America to Europe Ultra sem er tenging við heimsálfubruna og þá staðreynd að Ameríkuflekinn og Evrópuflekinn mætast á Reykjanesinu. Hugmyndin af þessu hlaupi kom frá Ívari Trausta og er alger snilld og von er að svona hlaup geti orðið árlegur viðburður einhverntíma í framtíðinni. En ljóst er að mikil vinna fer í að skipuleggja og framkvæma svona viðburð og hefur stjórn 3N ekki hug á að taka það að sér að svo stöddu.

Nokkrar þríþrautakeppnir voru þó haldnra á árinu og voru keppendur frá 3N í flestum þeirra. Kópavogspbrautin 2020 haldin í kópavogi, þar náði Guðlaug Sveinsdóttir 2. sæti í sínum aldursflokki. Sprettþraut 3SH 2020 haldin í Hafnarfirði, þar náði Guðlaug Sveinsdóttir einnig 2. sæti í sínum aldursflokki.

Hlaupagarpar deildarinnar tóku þátt í hinum ýmsu hlaupum á árinu og náðu nokkrir í verðlaunasæti. Allir stóðu sig vel og höfðu gaman af því að keppa í þeim keppnum sem þó stóðu til boða.



Ekki var tekið þátt í sundkeppnum eða hjólreiðakeppnum undir merkjum 3N svo vitað sé. Ekkert garpamót var haldið af sundsambandinu og færri hjólakeppnir en venjulega vegna COVID faraldursins.

Vinsælir viðburðir 3N eins og Þorláksmessusund, Kirkjuhlaupið og Klemminn fóru fram með afar sérstökum hætti þetta árið. Fólk mætti eitt eða í smáum hópum og synti, hljóp eða hjólaði á þeim tíma sem því hentaði. Þetta var ekki nálægt því eins skemmtilegt og venjulega. Vonandi þurfum við ekki að gera þetta með þessum hætti aftur.

Ákveðið var að ekki yrði veittar viðurkenningar fyrir þríþrautarfólk ársins vegna COVID faraldursins. Vonandi verður ástandið betra 2021 svo unnt verði að æfa og keppa eins og í venjulegu árferði.

Árið 2021 markar 10 ára afmælisár deildarinnar. Til stóð að skipuleggja sérlega skemmtilega viðburði á þessu afmælisári okkar. Lítið hefur þó verið skipulagt þar sem mikil óvissa hefur verið um samkomutakmarkanir og erfitt að sjá hvað verður leyfilegt og hvað ekki. Það eru þó blíkur á lofti og vonandi getum við skipulagt skemmtilega viðburði fyrir okkar félagsmenn þegar nær dregur vorinu. Hvetjum við alla félagsmenn að gauka að stjórninni góðum hugmyndum varðandi það.

Þrátt fyrir allt COVID vesenið á árinu gengur rekstur Þríþrautardeildar UMFN afar vel. Fjárhagsstaðan er afar góð, fjöldi iðkenda með allra mesta móti, þjálfara teimið okkar afar gott og bíður uppá þrýðiðsgóða æfingaáætlanir. Getum verið ánægð með ganginn á deildinni og horfum björtum augum á framtíðina. Vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka Aðalstjórn UMFN og sérstaklega Jennýju Lárusdóttur fyrir stuðninginn á árinu. Vil þakka Reykjanesbæ fyrir framúrskarandi aðstöðu. Vil þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg við rekstur deildarinnar og öllum iðkendum fyrir að vera með okkur í þessu skemmtilega starfi. Það er bjart framundan hjá 3N og munum við kappkosta við að bjóða uppá fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við viðburði og uppákomur við allra hæfi.

Fyrir hönd stjórnar 3N,
Baldur Sæmundsson formaður

4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkið fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar.

Áfram Njarðvík.

F.h. stjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson formaður



5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2020

5.1. Íþróttakarl og íþróttakona UMFN 2020

Aðalstjórn ákvað að velja ekki einstaka aðila þar sem sumar deildir voru ekki starfandi vegna C-19. Stjórnir deildanna hljóta lof fyrir mikla þrautsegju við erfiðar aðstæður.

5.2. Knattspyrnukarl UMFN 2020

Kenneth Hogg

5.3. Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2020

Enginn tilnefndur, v/Covid-19, sjá skýrslu deildar

5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2020

Sindri Freyr Arnarsson og Íris Rut Jónsdóttir

Lyftingarkarl og lyftingarkona UMFN 2019 (ólymp.lyftingar)

Emil Ragnar Ægisson og Katla Björk Ketilsdóttir

5.5 Sundkarl og sundkona UMFN 2020

Fannar Snævar Hauksson og Karen Mist Arneirsdóttir

5.6. Júðókarl og júðókona UMFN 2020

Jóhannes Pálsson og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir

Glímukarl og glímukona UMFN 2020

Jóel Helgi Reynisson og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir

5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2020

Enginn tilnefndur, v/Covid-19, sjá skýrslu deildar



6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2020

6. 1. – 6.6.

Sjá skýrslur viðkomandi stjórna deilda UMFN

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2020:

Ólafur F. Thordersen afhenti Þórunni Þorbergsdóttur bikarinn fyrir óeigingjarnt starf fyrir félagið. Bikarinn var fyrst afhentur á aðalfundi félagsins 1993.

2019

Harpa Kristín Einarsdóttir

2018

Hafsteinn Hilmarsson

2017

Bjarni Sæmundsson

2016

Halldóra Halldórsdóttir

2015

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

2014

Agnar Mar Gunnarsson

2013

Helgi Helgason

2012

Guðmundur Stefán Gunnarsson

2011

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2010



Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2009

Rafn Vilbergsson

2008

Örvar Þór Kristjánsson

2007

Logi Halldórsson

2006

Haraldur Hreggviðsson

2005

Andrés Ottósson

2004

Erlingur Rúnar Hannesson

2003

Halldóra Húnbogadóttir

2002

Einar Árni Jóhannsson

2001

Ingólfur Ólafsson

2000

Freyr Sverrisson

1999

Steinunn Sighvatsdóttir

1998

Ólafur Guðbergsson

1997

Freyr Sverrisson

1996

Steindór Gunnarsson

1995

Kristinn Pálsson



1994

Leifur Gunnlaugsson

1993

Júlíus Valgeirsson

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á lokahófi knð UMFN 2018

Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hilmar Hafsteinsson

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Friðrik Stefánsson

Logi Halldórsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Ólafur Eyjólfsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Jóhannes A. Kristbjörnsson

Halldóra Lúthersdóttir

Valþór Söring Jónsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Hafsteinn Hilmarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson

Björgvin Magnússon



Ágúst Hrafnsson
Lára Ingimundardóttir
Guðmundur Sæmundsson
Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Viðar Kristjánsson
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Erlingur Rúnar Hannesson
Páll Kristinsson
Ragnar Halldór Ragnarsson
Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Haukur Guðmundsson
Friðrik Pétur Ragnarsson
Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hermann Jakobsson
Jón Bjarni Helgason
Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Gunnar Þórarinnsson – (afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Stefán Bjarkason
Böðvar Jónsson
Guðmundur Snorrason



Haukur Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Teitur Örlygsson

Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Ágústa Guðmarsdóttir

Árni Þór Ármannsson

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Guðni Erlendsson

Hörður Birkisson

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Thor Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Sturla Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Agnar Mar Gunnarsson

Bylgja Sverrisdóttir

Helgi Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013



Einar Árni Jóhannsson
Friðrik Erlendur Stefánsson

Sævar Ingi Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Friðrik Pétur Ragnarsson
Guðmundur Sæmundsson
Júlíus Valgeirsson
Magnús Þór Kristófersson
Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Friðrik Ólafsson
Herbert Eyjólfsson
Þórunn Þorbergsdóttir
Þórður Karlsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Björn Jóhannsson
Edda Ottósdóttir
Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Einar Árni Jóhannsson
G. Elsie Einarsdóttir
Gunnar Þórarinsson
Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
Hermann Jakobsson
Leifur Gunnlaugsson
Freyr Sverrisson



7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið .

Veitt á aðalfundi UMFN 2020

Anna Andrésdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2019

Harpa Kristín Einarsdóttir

Guðný Björg Karlsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Sævar Ágústsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir

Þórir Hauksson

Haraldur Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Kristinn Örn Agnarsson

Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Hörður Birkisson

Sturla Ólafsson

Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Bjarni Sæmundsson

Guðni Erlendsson

Jóhannes Albert Kristbjörnsson

Kristinn Einarsson

Páll Kristinsson



7.4 UMFN skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu

Helgi Helgason

Snorri Jónas Snorrason

Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2020

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

9.1. Sport- og ævintýraskóli UMFN 2020